



# Fjaraskiptastofa

## Ákvörðun nr. 8/2024

### Meint brot á fjaraskiptaleynd

(mál nr. 2024030029)

#### I. Erindið

(1) Fjaraskiptastofu barst kvörtun, ásamt fylgigögnum, frá [A]<sup>1</sup> (hér eftir kvartandi) þann 9. mars 2024 á hendur [B], og [C], vegna móttöku og dreifingu á trúnaðarsamskiptum milli kvartanda og kollega hans í viðkomandi stétt.

(2) Í kvörtun kom fram að kvartandi starfaði sem lögmaður og sendi tölvupóst á [...] nafngreinda lögmann sem sinnt höfðu hlutverki verjenda eða réttargæslumanna í [...]. Í tölvupóstinum velti kvartandi því upp hvaða möguleikar kynnu að vera í stöðunni, í kjölfar þess að þriðji dómariinn við dómstólinn hefði, að sögn kvartanda, hýrudregið þá lögmann sem sinnt hefðu verkefnum verjenda eða réttargæslumanna í dómsmálinu.

(3) Tölvupósturinn var svohljóðandi:  
[...]

(4) Að mati kvartanda var ljóst af samskiptum að um væri að ræða trúnaðarmál og vangaveltur eins lögmanns til annarra lögmannna í sambærilegri stöðu. Pósturinn var ekki á nokkurn hátt hugsaður sem erindi sem beina skyldi til dómstólsins eða þess dómara, sem um var rætt, í þeirri mynd sem pósturinn var sendur öðrum lögmonnum. Kvartandi telur að einhver af lögmonnunum hafi séð sér hag í því að senda póstinn áfram á [C.] Kvartandi telur að í stað þess að gæta að ákvæði 4. mgr. 88. gr. laga nr. 70/2022 um fjaraskipti (hér eftir fjaraskiptalög), þá ákveður [C] að upplýsa undirritaðan ekki á nokkurn hátt um að honum hafi borist umræddur póstur heldur áframsendir hann póstinn á [B]. Samkvæmt kvartanda upplýsir [B] heldur ekki kvartanda um að henni hafi borist umræddur póstur. Telur kvartandi að [B] brjóti frekar gegnum ákvæðum 4. mgr. 88. gr. laga um fjaraskipti með því að nýta innihald póstsins til þess að kvarta til úrskurðarnefndar lögmannna yfir kvartanda.

(5) Kröfur kvartanda lutu að því að stofnunin hlutist til í málinu og geri þeim sem kvörtuninni beinist að til þess að sæta viðurlögum vegna brotanna, sbr., XV. kafla fjaraskiptalaga. Auk þess krafðist kvartandi að Fjaraskiptastofa myndi kæra brotin til lögreglu sbr., 1. mgr. 105. gr.

<sup>1</sup> Upplýsingar felldar á brott vegna trúnaðar. Hið sama gildir um eftirfarandi hornklofa.



laganna, enda telur kvartandi ljóst að brot kærðu beggja eru framin í opinberu starfi sem eykur á alvarleika og ásetningsstig þeirra.

## II.

### Málavextir og bréfaskipti

#### 2.1. Bréf fjarskiptastofu til kvartanda (frumálitið), dags. 12. apríl 2024

(6) Með tölvupósti, dags. 12. apríl 2024, var kvartanda sent bréf þess efnis að hann geti ekki átt sjálfstæða aðild að kvörtunarmáli gagnvart þeim sem kvörtunin beinist að sem og frumafstöðu Fjarskiptastofu til álitaefnisins. Var honum gefinn svarfrestur til 26. apríl 2024 sem svo, að beiðni kvartanda, var framlengdur um viku eða til 2. maí 2024.

(7) Í frumafstöðu Fjarskiptastofu til álitaefnisins var í fyrsta lagi vikið að leynd fjarskipta og þá einkum 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga en ákvæðið er efnislega samhljóða áðurgildandi fjarskiptalögum nr. 81/2003. Í umfjöllun stofnunarinnar var vísað til ákvörðunar Fjarskiptastofu nr. 10/2022 en þar kemur fram að horfa þurfi til ákveðinna atriða til þess að álykta og komast að niðurstöðu um hvort brot hafi átt sér stað gegn ákvæðum laganna. Í fyrsta lagi þarf að liggja ljóst fyrir að sending tölvupósts hafi fyrir mistök verið sent á rangan móttakanda. Í öðru lagi þarf móttakandinn annað hvort að vita eða hafa mátt vera það ljóst að mistök hafi átt sér stað. Í þriðja lagi, sé síðara skilyrðið uppfyllt, ber móttakanda að tilkynna sendanda um mistökin og gæta trúnaðar um innihald upplýsinganna. Var þetta forsenda þess að ákvæði laganna verði talið eiga við í viðkomandi kvörtunarmáli.

(8) Auk þess þurfti einnig að skoða til hvaða aðila ákvæði 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga tæki til, þ.e. sendanda og móttakanda sem fær tölvupóst fyrir mistök. Samkvæmt lýsingu í kvörtun þá lá það ekki fyrir hver áframsendi umræddan tölvupóst á [C] en leiða mátti líkur á að það hafi var einn af [...] upphaflegum viðtakendum. Þar af leiðandi lá ekki fyrir hvort sá aðili hafi sent tölvupóstinn fyrir mistök eða tilviljun. Kvartandi taldi að viðkomandi hafi geta séð sér hag í því að áframsenda tölvupóstinn en ef hagsmunir liggja að baki áframsendingunni þá geti vart verið um mistök að ræða.

(9) Stofnunin nefndi að verndarandlag 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga væri að vernda sendanda sem fyrir mistök eða tilviljun sendir tölvupóst á rangan aðila. Yrði ákvæðinu því ekki beitt með keðjuverkandi hætti, heldur einskorðast við þann er móttækur tölvupóst og notfærir sér innihald hans, þrátt fyrir að hafa vitað eða mátt vera það ljóst að pósturinn hafi verið sendur fyrir mistök, tilviljun eða án sérstakrar heimildar.

(10) Það var því frumálit Fjarskiptastofu að þrátt fyrir að kvartandi hafi ritað og sent umræddan tölvupóst og að efni hans hafi mögulega verið viðkvæmt í höndum annarra, þá veitti það honum ekki aðilastöðu til að geta lagt fram kvörtun vegna meintra brota á 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga. Í því sambandi var auk þess vísað til umfjöllunar og niðurstöðu stofnunarinnar í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 18/2016.

#### 2.2. Athugasemdir kvartanda við bréfi sem og frumáliti Fjarskiptastofu

(11) Í tölvupósti sem Fjarskiptastofu barst frá kvartanda þann 2. maí 2024 var að finna eftirfarandi athugasemdir:



„Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við frumálit þetta og telur niðurstöðu þess byggja á rangri túlkun á 4. mgr. 88. gr. fskl.“

„Undirritaður byggir á því að sendandi í skilningi ákvæðisins geti (a) átt við þann sem sendir tölvupóstinn á móttakanda, sem í þessu máli eru annars vegar sá sem sendi póstinn á [C] og svo [C] sjálfur, eftir að hann sendir tölvupóstinn á [B] og (b) frumsendanda póstsins, sem er undirritaður. Sú skýring á ákvæði 4. mgr. 88. gr. fskl. er að mati undirritaðs mun nærtækari og eðlilegri en hin þrönga túlkun sem FST leggur til grundvallar í frumáliti sínu og hefur jafnframt gert áður, s.s. í ákvörðunum stofnunarinnar í málum nr. 16/2016 og nr. 10/2022. Raunar telur undirritaður að hin þrönga túlkun sé í algjöru ósamræmi við tilgang og markmið ákvæðisins og geri það nánast með öllu bitlaust. Þá telur undirritaður jafnframt að hin þrönga túlkun FST sé í ósamræmi við rétt undirritaðs til friðhelgi einkalífs, sbr., 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en það sé almennt viðurkennd aðferðarfræði hér á landi að ákvæði almennra laga beri að túlka og skýra með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar, eftir atvikum. Allt að einu ætti það að vera öllum ljóst, sem lesið hafa ákvæði 4. mgr. 88. gr. fskl., að orðalag þess útilokar ekki með neinum hætti að frumsendandi geti notið verndar ákvæðisins. Sú túlkun á sér heldur enga stoð í lögskýringargögnum.“

(12) Í athugasemdum kvartanda segir enn fremur:

„Í 33. málsgrein er svo rakið til hvaða atriða þarf að horfa, við mat á því hvort að um brot á ákvæðinu sé að ræða. Um er að ræða sömu atriði og sett voru fram í ákvörðun FST nr. 16/2016. Á báðum stöðum segir, að fyrsta atriðið sem horfa þarf til við mat á því hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu, sé að það þurfti að liggja ljóst fyrir að sending tölvupóstsins hafi verið á rangan viðtakanda fyrir mistök. Ekkert er hins vegar minnst á önnur þau atriði, sem talin eru upp í sjálfu ákvæðinu, þ.e.a.s. þegar móttaka sendingar verður fyrir *tilviljun eða án sérstakrar heimildar*. Þessi tvö atriði virðast á einhvern óskiljanlegan hátt hafa gleymst algjörlega í allri umfjöllun FST um ákvæðið, hvort sem um er að ræða frumálit í því máli sem núna er til úrlausnar, eða ákvörðunum FST í málum nr. 16/2016 og nr. 10/2022. Þess í stað mætti halda, af lestri umfjöllunar FST, að ákvæði 4. mgr. 88. gr. fskl. tæki einungis til atvika þar sem sending ratar á rangan viðtakanda vegna mistaka sendanda. Þetta er ekki einungis afar langsótt og brengluð túlkun á ákvæðinu heldur hreinlega í bersýnilegri mótsögn við skýrt orðalag þess. Þá ber að nefna, eins og sjá má af áðurnefndri umfjöllun FST um forsögu ákvæðisins, að frá upphafi hefur ákvæðið haft það markmið að koma í veg fyrir móttöku eða einhvers konar nýtingu sendinga sem berast röngum viðtakanda án heimildar. Það orðasamband hefur verið í ákvæðinu frá lögum nr. 31/1941, en það var ekki fyrr en með gildistöku laga nr. 143/1996, að ákvæðið náði einnig til sendinga sem bárust röngum viðtakanda fyrir mistök. Að öllu þessu virtu er hin áðurnefnda þrönga túlkun FST á ákvæðinu enn undarlegri. Í því máli sem til úrlausnar eru nú, er ljóst að þau [C] og [B] tóku við tölvupóstinum, sem undirritaður sendi upphaflega til kollega sinna, án heimildar, enda efni hans engan veginn ætlað þeim. Þau svo skrásettu og notfærðu sér innihald tölvupóstsins til að koma höggi á undirritaðan, [C] með því að áframsenda hann



til [B], og [B] með því að nota hann sem efnivið í kvörtun til úrskurðarnefndar lögmanna. Þrátt fyrir að þeim hlyti að vera ljóst að innihald sendingarinnar var ekki ætlað þeim, gerðu þau engan reka að því að tilkynna frumsendanda um að hann hefði ratað til þeirra eins og ákvæði 4. mgr. 88. gr. forsk. gerir ráð fyrir. Þar að auki gættu þau ekki trúnaðar heldur áframsendu bæði tölvupóstinn eða deildu honum með öðrum hætti.“

(13) Með þessum athugasemdum krafðist kvartandi þess að Fjarskiptastofa komist að þeirri niðurstöðu að kvartandi hafi sjálfstæða aðild að málinu.

#### **2.4. Bréf Fjarskiptastofu til [C] og [B]**

(14) Með erindi FST, dags. 14. maí sl., var [B] og [C] gefinn kostur á að tjá sig um kvörtun [kvartanda], sem og frumálit Fjarskiptastofu vegna kvörtunarinnar. Frestur til þess var veittur til 28. maí sl.

#### **2.5. Svarbréf [C] til Fjarskiptastofu**

(15) Þann 21. maí 2024 barst Fjarskiptastofu svar frá [C] er hljóðaði svo:

„Vísað er til bréfs Fjarskiptastofu sem barst 17. maí 2024 er lýtur að kvörtun [kvartanda] sem beint var til undirritaðs. Hér með er tekið undir niðurstöðu Fjarskiptastofu og túlkun stofnunar í frumáliti á inntaki 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga. Áréttað skal að undirritaður fékk ekki nefnda orðsendingu senda frá [kvartanda]“

#### **2.6. Svarbréf [B] til Fjarskiptastofu**

(16) Þann 24. maí 2024 barst Fjarskiptastofu svar frá [B] er hljóðaði svo:

„Vísað er til bréfs Fjarskiptastofu sem barst 17. maí 2024 er lýtur að kvörtun [kvartanda] sem beint var til undirritaðs. Hér með er tekið undir niðurstöðu Fjarskiptastofu og túlkun stofnunar í frumáliti 12. apríl sl. á inntaki 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga. Áréttað skal að undirrituð fékk ekki nefnda orðsendingu senda frá [kvartanda]“

### **III.**

#### **Forsenda og niðurstaða**

##### **3.1. Almenn**

(17) Fjarskiptastofa er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast stjórnslu og eftirlit með framkvæmd laga um fjarskipti sbr., a- lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Að auki leysir stofnunin úr ágreiningi aðila um túlkun og beitingu fjarskiptalaga en samkvæmt 17. gr. fyrrgreindra laga geta neytendur fjarskiptaþjónustu beint kvörtun til stofnunarinnar ef fjarskiptafyrirtæki brýtur gegn skyldum sínum samkvæmt fjarskiptalögum eða gegn skilyrðum sínum sem mælt er fyrir um í almennri heimild eða sérstökum réttindum.



(18) Þrátt fyrir að ákvæði 17. gr. laga um Fjarskiptastofu vísi til þess að stofnunin leysi aðeins úr ágreiningi sem upp getur komið milli neytenda og fjarskiptafyrirtækis þá leysir Fjarskiptastofa einnig úr ágreiningi sem kann að rísa á grundvelli 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga, óháð því hver á í hlut. Slík framkvæmd helgast af 4. gr. fjarskiptalaga en ákvæðið kveður á um að Fjarskiptastofa skuli hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og eftirlit með framkvæmd fjarskiptalaga. Þá skal hafa 2. mgr. 17. gr. laga um Fjarskiptastofu til hliðsjónar en þar kemur fram að stofnunin taki aðeins ákvörðun ef ágreiningur er uppi.

(19) Í XV. kafla fjarskiptalaga er að finna þau úrræði og viðurlagaheimildir stofnunarinnar sem hún getur beitt ef ekki er farið eftir skilyrðum almennrar heimildar, sem og vegna brota á fjarskiptalögum. Þar má nefna heimild fyrir Fjarskiptastofu til að leggja stjórnvaldssektir á fjarskiptafyrirtæki, lögaðila eða einstaklinga sem brjóta gegn tilteknum ákvæðum í fjarskiptalögum og eru þau listuð upp í fyrrgreindu ákvæði. Stofnunin getur til að mynda lagt á stjórnvaldssekt á þá sem brjóta gegn kafla XIII. kafla laganna er fjallar um friðhelgi einkalífs, fjarskiptaleynd, aðstoð við rannsókn sakamála o.fl. sbr., m- liður 103. gr. fjarskiptalaga.

(20) Þá kemur fram í 3. mgr. 103. gr. fjarskiptalaga að falla megi frá sektarákvörðun ef brot telst óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að framgangi ákvæða laganna.

(21) Í 2. mgr. 104. gr. fjarskiptalaga er kveðið á um ef brot gegn ákvæðum í lögum sem tilgreind eru í m- lið 1. mgr. 103. gr. er framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum. Það er hins vegar ekki á færi stjórnvalds að beita slíku ákvæði heldur fellur það í hlut dómstóla að beita slíkum viðurlögum að undangenginni lögreglurannsókn og saksókn af hálfu ákæranda. Kemur því fyrrgreint ákvæði ekki til skoðunar hér.

(22) Kvartandi fer fram á að Fjarskiptastofa beiti kærðu viðurlögum fyrir brot á 4. mgr. 88. gr. laganna sem en ákvæðið fjallar um fjarskiptaleynd og er að finna í áður nefndum XIII. kafla fjarskiptalaga um friðhelgi einkalífs, fjarskiptaleynd og aðstoð við rannsókn sakamála.

### **3.2. Ákvæði um leynd fjarskipta í fjarskiptalögum**

(23) Í fjarskiptalögum hefur verið að finna ákvæði um leynd fjarskipta, sem fyrir mistök hafa verið send á óviðkomandi móttakanda, allt frá árinu 1941, sbr., lög nr. 31/1941 um fjarskipti. Talið var þörf á setningu ákvæðisins til samræmis ákvæðum alþjóðafjarskiptasamningsins (Madríd, 1932) og alþjóðaradíóreglugerðinni (Kairó, 1938) um leynd fjarskipta. Ákvæði fjarskiptalaga á rætur sínar að rekja til ákvæðis í fyrrgreindum samningi og reglugerð sem var svohljóðandi:

„Enginn má, án heimildar, taka við fjarskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Ekki má heldur skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.“

(24) Í ofangreindu ákvæði var lagt fortakslaust bann við móttöku fjarskipta án sérstakrar heimildar og að óheimilt sé að notfæra sér slíkt.



(25) Í takt við tímann og breyttrar tækni var frumvarp til fjarskiptalaga nr. 73/1984 lagt fram þar sem talið var að ákvæðinn ómöguleiki væri falinn í því að banna óviðkomandi að taka við fjarskiptum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Því þyrfti að mæla fyrir um verndarráðstöfun fyrir efni fjarskiptasendingarinnar. Ákvæðinu var því breytt á þann hátt að bannað yrði að menn notfærðu sér slíkt efni á nokkurn hátt og hljóðaði ákvæðið þá svo:

„Sá sem með einhverjum hætti án heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl, má ekki skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.“

(26) Með lögum nr. 143/1996 um fjarskipti var orðalagi ákvæðisins í fyrsta lagi breytt á þann veg að það tæki til tilviljana, mistaka og án sérstakrar heimildar. Í öðru lagi þá bættist við síðasti málsliður ákvæðisins sem gerði óviðkomandi móttakanda skylt að tilkynna um að skeyti hefði borist honum og í þriðja lagi að aðili skyldi gæta trúnaðar í slíkum tilfellum. Í athugasemdum með frumvarpinu var umfjöllun ekki mikil um breytingar þessar að öðru leyti en að ákvæðið væri í megindráttum hið sama og 18. gr. áðurgilandi fjarskiptalaga nr. 73/1984. Eftir breytingu á ákvæðinu var ákvæðið svohljóðandi:

„Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Berist manni með slíkum hætti skeyti eða skjal, skal viðkomandi tilkynna sendanda að slíkt hafi ranglega borist sér. Skyllt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.“

(27) Með lögum nr. 81/2003 um fjarskipti var ákvæðinu lítillega breytt en það fært undir 47. gr. laganna um öryggi og þagnarskyldu. Ákvæðið var svohljóðandi:

„Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skyllt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.“

### **3.3. Ákvæði 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga**

(28) Ákvæði 4. mgr. 88. gr. núgildandi fjarskiptalaga kveður á um að sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Auk þess er skylt að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 47. gr. eldri fjarskiptalaga og breyttist það ekki þegar ný fjarskiptalög tóku gildi. Hins vegar var ákvæðið fært undir ákvæði 88. gr. fjarskiptalaga er kveður á um leynd fjarskipta.

(29) Í þessu samhengi er vert að taka fram að kröfur kvartanda snúa að því að [C] og [B] hafa brotið gegn 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga með því að hafa notfært sér innihald tölvupósts



kvartanda, sem kvartandi telur að „þeim hafi verið sendur ýmist fyrir tilviljun, mistök eða hið minnsta án þess að þau hefðu sérstaka heimild til móttökunnar.“<sup>2</sup>

(30) Horfa þarf til ákveðinna atriða til þess að komast að því hvort brot hafi átt sér stað sbr., 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga. Í fyrsta lagi þarf að liggja ljóst fyrir að sending tölvupósts hafi verið sendur á rangan viðtakanda fyrir mistök, án sérstakrar heimildar eða fyrir tilviljun. Í öðru lagi þarf móttakandinn annað hvort að vita eða mátt vera það ljóst að mistök hafi átt sér stað. Í þriðja lagi, sé síðara skilyrðið uppfyllt, ber móttakanda að tilkynna sendanda um mistökin og gæta trúnaðar um innihald upplýsinganna. Ofangreint er forsenda þess að ákvæði laganna verði talið eiga við hverju sinni. Verndarandlag ákvæðisins er því sá aðili sem fyrir mistök sendir tölvupóst á rangan aðila.

### 3.3.1. Mistök

(31) Hugtakið mistök kom inn í ákvæðið með lögum nr. 143/1996, eins og fyrr var komið að. Leitast verður við að skýra hugtakið samkvæmt almennri orðskýringu þar sem hvorki almenn lög né lögskýringargögn skýra hugtakið. Samkvæmt íslenskri orðabók þá merkir hugtakið mistök að það tilviki þar sem e-ð er gert rangt. Hins vegar til þess að mistök verði talin hafa orðið þá þarf að liggja ljóst fyrir að sending tölvupósts hafi verið á rangan viðtakanda fyrir mistök. Í máli þessu liggur huglæg afstaða sendanda, hins óþekkta aðila, ekki fyrir. Eins og fram kemur í kvörtun kvartanda að þá má jafnvel ætla að sendandinn hafi mögulega haft hagsmuni af því að áframsenda póstinn og hafi gert það af ásetningi. Á þeim grundvelli verður vart talið að um mistök hafi átt sér stað í máli þessu.

### 3.3.2. Sérstök heimild

(32) Vikið nú verður sérstaklega að hugtakinu sérstök heimild sem kveðið er á um í 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga. Hugtakið kom inn í ákvæðið árið 1996 með lögum nr. 143/1996 en hugtakið án heimildar hefur þó verið inn í ákvæðinu frá 1941. Leitast verður við að skýra hugtakið samkvæmt almennri orðskýringu þar sem hvorki almenn lög né lögskýringargögn skýra hugtakið. Samkvæmt íslenskri orðabók þá merkir orðið heimild „leyfi“ eða „réttindi“.

(33) Ljóst er að upphaflegur sendandi tölvupóstsins, kvartandi, sendi umræddan tölvupóst á [...] viðtakendur sem höfðu allir sérstaka heimild til þess að taka við tölvupóstinum á þeim grundvelli. Það er einnig ljóst að einn af [...] viðtakendum áframsendir tölvupóst á [C] og [B]. Með þeirri athöfn stofnast nýtt samband á milli þeim er áframsendir og viðtakendum þ.e.a.s. þá verður óþekkti aðilinn sendandi og viðtakandi [C] og [B]. Aðili sem stendur utan þess sambands getur ekki gert kröfu um að brotið hafi verið gegn ákvæðum 4. mgr. 88. gr. þess efnis að ekki hafi verið sérstök heimild til þess að móttaka tölvupóstinn þar sem ákvæðinu verður ekki beitt með keðjuverkandi hætti, líkt og Póst- og fjarskiptastofnun komst að í ákvörðun sinni nr. 16/2016.

(34) Með tilliti til framangreinds merkir sérstök heimild ekki að upphaflegur sendandi tölvupósts þurfi að samþykkja áframsendingu hans til þriðja aðila. Sérstök heimild tekur til viðtakanda tölvupóstsins. Þetta skilyrði ber jafnframt að túlka á þann veg að ekki sé hægt að útiloka að viðtakandi kunni að hafa sérstaka heimild, t.d. samkvæmt lögum, til nota upplýsingar í tölvupósti sem berst honum fyrir mistök eða tilviljun.

---

<sup>2</sup> Tekið upp úr kæru kvartanda



### 3.3.3. Tilviljun

(35) Hugtakið kom inn í ákvæði 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga árið 1996. Leitast verður við að skýra hugtakið tilviljun með almennri orðaskýringu þar sem hvorki er hugtakið skýrt í almennum lögum né lögskýringargögnum. Samkvæmt íslenskri orðabók merkir hugtakið tilviljun „eitthvað sem vill til“ eða „hending“. Telja verður að tilviljun geti verið náskyllt hugtakinu mistök, t.d. þegar um er að ræða einstakling sem á sér alafna og netföng þessara aðila eru mjög lík. Þá er um að ræða tilviljunarkenndar aðstæður sem leitt geta til misstaka við útsendingu tölvupósts.

Ekki verður ráðið hvort umrædd áframsending tölvupóstsins falli undir að vera tilviljun þar sem, eins og fyrr hefur verið komið að, er ekki vitað hver áframsendi tölvupóstinn og þar af leiðandi er huglæg afstaða sendanda óþekkt.

### 3.3.4. Málsaðild

(36) Hugtakið „aðili máls“ er ekki skilgreint í stjórnslulögum nr. 37/1993 en þau sjónarmið sem vega þyngst er hvort aðili eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta.<sup>3</sup> Í 1. mgr. 2. gr. norsku stjórnslulaganna er hugtakið aðili máls skýrt á þá leið að það sé sá sem ákvörðun er beint til eða sem málið varðar beint að öðru leyti. Dönsku stjórnslulögin svipa til íslensku stjórnslulaganna á þann veg að hugtakið er heldur ekki skilgreint í lögnum og byggt er á hinni almennu skilgreiningu stjórnsluréttarins en þar í landi tekur hugtakið til umsækjenda kæranda, og annarra sem eiga einstaklegra, verulegra, beinna og lögvarinna hagsmuna að gæta.<sup>4</sup>

(37) Þegar aðili leitar til eftirlitsstofnunar á Íslandi og leggur fram kvörtun eða kæru vegna athafnar eða athafnaleysis annars manns þá kemur til álita hvort kærandinn verði aðili þess máls sem fer af stað af því tilefni. Meginreglan hefur verið talin sú að slíkt erindi eitt og sér skapi kæranda ekki aðilastöðu við meðferð málsins. Kærandi verður aðeins sjálfur aðili máls ef hann á beina, sérstakra, verulega og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn þess eða getur borið fyrir sig ákvæði sérlaga sem ljá honum aðilastöðu.<sup>5</sup>

(38) Þörf er á að skoða til hvaða aðila 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga tekur til þ.e. hverjir geta höfðað mál á grundvelli ákvæðisins og talist þar af leiðandi aðili að stjórnslumáli.

(39) Af málsatvikum verður ráðið að ekki er ljóst hvaða aðili áframsendir umræddan tölvupóst á [C] en leiða má líkur af því að það hafi verið einn af [...] upphaflegum viðtakendum póstsins, sem kvartandi hafði sent á. Þar sem óljóst er hver umræddur aðili er, liggur því huglæg afstaða aðilans ekki fyrir og þar af leiðandi er ekki hægt að skera úr um hvort umræddur tölvupóstur hafi verið áframsendur fyrir mistök eða tilviljun.

(40) Ákvæði 4. mgr. 88. gr. fjarskiptalaga tekur til sendanda tölvupósts og þess móttakanda sem fær tölvupóst fyrir mistök, burtséð frá innihaldi póstsins sem slíks. Tilgangur ákvæðisins

<sup>3</sup> Páll Hreinsson: *Málsmeðferð stjórnvalda*, bls. 40.

<sup>4</sup> Páll Hreinsson: *Málsmeðferð stjórnvalda*, bls. 39.

<sup>5</sup> Páll Hreinsson: *Málsmeðferð stjórnvalda*, bls. 45.





er að vernda þann aðila, sem fyrir mistök sendir tölvupóst á rangan aðila en sendandi í þessu tilviki, líkt og áður hefur komið fram er óþekktur.

(41) Sendandi tölvupóstsins og móttakandi hans, [C] falla undir að vera hinir eiginlegu aðilar málsins skv. inntaki ákvæðisins. Sú ákvörðun að hefja stjórnslumál verður að vera ákvörðun hins eiginlega aðila máls. Þriðji aðili getur því ekki, á grundvelli aðildarskorts, hafið stjórnslumál þó hann sé upphaflegur sendandi tölvupóstsins og telji sig hafa orðið fyrir tjóni sökum áframsendingu hans.

### **3.4. Niðurstaða**

(42) Eins og fyrr hefur verið komið að, þá verður ákvæðinu ekki beitt með keðjuverkandi hætti, heldur einskorðast við þann aðila sem móttækur tölvupóst og notfærir sér innihald hans, þrátt fyrir að hafa vitað eða mátt vera það ljóst að pósturinn hafi verið sendur fyrir mistök, tilviljun eða án sérstakrar heimildar. Verður því talið að ákvæðið einskorðist við hinn óþekkta aðila og [C].

(43) Með tilliti til framangreinds telur stofnunin óhjákvæmilegt að óþekkti aðilinn sem áframsendi tölvupóstinn, þurfi að eiga frumkvæði, sem aðili máls, um að hefja stjórnslumál þess efnis að hann hafi fyrir mistök sent tölvupóst á rangan viðtakanda. Slíkt liggur ekki fyrir og því óhjákvæmilegt annað en að vísa kvörtun kvartanda frá á grundvelli aðildarskorts.

(44) Þá fer kvartandi fram á að Fjarskiptastofa kæri brotin til lögreglu, sbr., 1. mgr. 105. gr. fjarskiptalaga. Ákvæðið kveður á um að brot gegn fjarskiptalögum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjarskiptastofu eða brotþola. Með vísan til ofangreindrar niðurstöðu og rökstuðnings þá kemur ákvæði 1. mgr. 105. gr. fjarskiptalaga ekki til skoðunar í máli þessu. Þá verður auk þess ekki vikið nánar að kröfu kvartanda um viðurlög með vísan til ofangreinds.

### *Ákvörðunarorð*

- 1. Kvartandi á ekki aðild að máli vegna meintra brota á 4. mgr. 88. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti og er málinu vísað frá sökum aðildarskorts.**
- 2. Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr., 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan**



fjögurra vikna frá því viðkomanda var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

*Fjarskiptastofa, 9. júlí 2024*

---

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

---

Auður Ragnarsdóttir